

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 178 6. apríl 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. apríl 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn hinn 22. mars 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, landnotkunarbreytingu í aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 í Selásmiðhverfi. Breytingin er fólgin í því að verslunar- og þjónustusvæði austan og vestan við Selásbraut verða stofnanasvæði og íbúðasvæði sunnanmegin við Selásbraut breytast í verslunar- og þjónustusvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*